



Reykjavík, 4. maí.2026

VEL25060079

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjárhagsleg áhrif breytinga á fyrirkomulagi uppbyggingar hjúkrunarheimila

Þann 18. júní 2025. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

*Hversu miklir fjármunir sparast hjá Reykjavíkurborg eftir að ábyrgð á uppbyggingu hjúkrunarheimila hefur færst að öllu leyti til ríkisins og krafa um 15% stofnframlag sveitarfélaga felld niður miðað við fjárfestingaáætlun? Hversu miklir fjármunir hafa verið settir inn af hálfu Reykjavíkurborgar sl. 10 ár í formi stofnframlags til uppbyggingar hjúkrunarheimila? Hversu margar og hvaða fasteignir verða afskrifaðar eftir að þessi lagabreyting tók gildi og hversu miklar tekjur koma inn í formi gatnagerðargjalda fyrir þessar fasteignir? Fer fram einhver greiðsla af hálfu ríkisins við flutning á eignarhaldi fasteigna frá Reykjavíkurborg til ríkisins?*

### Svar:

Með lagabreytingum sem tóku gildi 1. júlí 2025 á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 var fjármögnun nýbygginga hjúkrunarheimila færð að fullu yfir á ríkið. Fellt var niður 15% stofnframlag sveitarfélaga og sveitarfélögum heimilað að innheimta gatnagerðargjöld af lóðum undir hjúkrunarheimili.

Samkvæmt fjárfestingaráætlunum 2025-2034 og 2026-2035 var ekki gert ráð fyrir kostnaði í áætlun við uppbyggingu hjúkrunarheimila og því er ekki unnt að segja að sparnaður myndist við lagabreytinguna miðað við fjárfestingaráætlun.

Reykjavíkurborg hefur á síðustu 10 árum staðið að byggingu á einu hjúkrunarheimili, Sléttuvegi, þar sem borgin greiddi 15% af byggingarkostnaði sem voru um 473 m.kr. og ríkið fjármagnaði 85% á móti. Eignarhluti borgarinnar er færður meðal fastafjármuna. Hjúkrunarheimili við Mosaveg er fært á verk í vinnslu og er undirbúningskostnaður. Einnig fóru fram endurbætur á hjúkrunarheimilinu við Suðurlandsbraut 66.

Sjá má kostnað Reykjavíkurborgar vegna uppbyggingar hjúkrunarheimilanna á síðustu 10 árum á töflu 1 hér að neðan.



Reykjavík



Tafla 1

Hjúkrunarheimili	Kostnaður uppbyggingar
Suðurlandsbraut 66	21,9 m.kr.
Sléttuvegur 25	473,9 m.kr.
Mosavegur	4,6 m.kr.
Samtals	500,4 m.kr.

Bókfært viðri hjúkrunarheimila og afskriftir í árslok 2025 eru á töflu 2 hér að neðan. Eins og kemur fram á töflunni munu tvær eignir verða afskrifaðar eftir gildistöku laganna.

Tafla 2

Hjúkrunarheimili	Húseign	Afskriftir fasteigna	Bókfært virði
Suðurlandsbraut 66	747 m.kr.	-218 m.kr.	509 m.kr.
Sléttuvegur 25	474 m.kr.	-47 m.kr.	426 m.kr.

Reykjavíkurborg innheimtir gatnagerðargjald vegna úthlutunar lóðar, sbr. 3. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og önnur lögbundin gjöld. Að öðru leyti er lóðin afhent án gjalda og kvaða í samræmi við 32. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Ríkið er fyrst og fremst að taka alfarið við ábyrgð á framtíðaruppbyggingu hjúkrunarheimila en ekki yfirtaka kostnað sem þegar er fallinn vegna einstakra verkefna. Fyrsta lóðaúthlutun með gatnagerðargjaldi verður því uppbygging hjúkrunarheimilis að Mosavegi. Áætlaðar tekjur gatnagerðargjalda miðað við að byggt verði 13.700 fm. heimili með 145 íbúðum eru um 550 m.kr. Ekki verða innheimt gatnagerðargjöld á þegar byggðu húsnæði.

Með fyrrgreindri lagabreytingu frá 1. júlí sl. er kveðið á um að eignarhlut sveitarfélaga í hjúkrunarheimilum sem eru í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfála skuli afskrifa og yfirfæra til ríkisins. Í greinargerð frumvarpsins er síðan tekið sérstaklega fram að eignarhlutur sveitarfélaga í eldri hjúkrunarheimilum færir yfir til ríkisins án greiðslu sérstaks gjalds, enda taki ríkið þá alfarið yfir kostnað vegna eignarhalds, viðhalds og endurbóta.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur fjallað ítrekað um rekstur hjúkrunarheimila þar sem útgjöld heimilanna hafa verið umfram tekjur í árshlutauppgjörum. Þegar Reykjavíkurborg tók við rekstri hjúkrunarheimila var gert ráð fyrir að reksturinn yrði að fullu fjármagnaður úr ríkissjóði. Frá árinu 2008 hafa þó gjöld, þar með talin innri leiga, ávallt verið umfram tekjur og þær ekki dugað fyrir rekstrinum.

